

KRISTJÁN ÁRNASON

Hugleiðingar um íslenskt lagamál

Erindi flutt á fundi dómara og lögmanna 20. desember 1990

Inngangur

Þeim sem fást við rannsóknir á íslensku máli er það jafnan nokkur ráðgáta hvernig stendur á því að tunga okkar er jafnheildstæð og raunin ber okkur vitni, allt frá elstu heimildum til vorra daga. Við þurfum ekki að fara lengra í samanburði en til frænda okkar í Noregi til að reka okkur á það sem er hið venjulega ástand, mállýskukraðakið, og þetta gengur jafnvel svo langt að á bæjum í sömu sveit talar hver sína mállýsku. Hér á landi er þessu allt öðru vísi varið eða hefur verið það til þessa að minnsta kosti. Íslenskan er alveg ótrúlega heildstæð, bæði á langveginn og þverveginn ef svo má orða það. Hún er lítt breytileg á hinn landfræðilega þverveg og líka á hinn sögulega langveg. Mál okkar er afsþyrnuíhaldssamt og stundum er sagt að það sé elsta lifandi klassísk bókmenntatunga. Og þetta eru ekki orðin tóm því segja má að íslensk bókmenntasaga sé ein og óslitin frá Snorra Sturlusyni til Halldórs Laxness og Gyrðis Elíassonar.

Þegar spurt er hvernig standi á þessari sérstöðu vefst okkur málfræðingum hálfpartinn tunga um tönn og væntanlega er ekki til neitt einfalt svar við spurningunni. Og það hafa verið skrifaðar um þetta lærðar ritgerðir. En það sem fyrst verður fyrir er að sjálfsgöðu bókmenntaarfurinn, Íslendingasögurnar frægu, kveðskapurinn og konungasögurnar. Þetta hefur tengt okkur saman í tíma og rúmi og bestu höfundar þessarar aldar hafa leitað innblásturs í hinum klassísku bókmenntum.

En alltaf má halda áfram að spyrja af hverju og þá má eins spyrja af hverju við höfum Íslendingasögurnar. Spurningin um það hvers vegna hér þróaðist blómlegt bókmenntalíf á miðöldum er í rauninni engu auðveldari viðfangs en spurningin um málþróunina og þar hafa margar tilgátur verið á lofti eins og við vitum. Menn hafa nefnt írsk áhrif og fleira og fleira. En eitt af því sem ég er sannfærður um að hafi skipt miklu máli í þróun íslenskrar sagnahefðar er það að hér þróaðist gott lagamál og íslensk lagahefð. Og allir vitum við að samkvæmt heimildunum var það fyrsta, sem fært var í letur á íslensku, lagabálkurinn Vígslóði sem skráður var veturinn 1117-1118, eftir því sem Ari fróði greinir í Íslendingabók. Elsta íslenska ritmálið var því lagamál. Og víða í Íslendingasögunum má sjá bein áhrif frá lagamáli og höfundar sagnanna hafa vafalaust margir hverjir verið lögfróðir menn. Oft hefur verið bent á þekkingu höfundar Njálu í lögum. Frásögnin af eftirmálunum eftir víg Höskuldar Hvítanessgoða er fræg. Þar er lýst skipulegum málflutningi sem ólöglærðum manni eins og mér sýnist háþróaður þótt allt endaði með skelfingu eins og við vitum. Mannlegur breyskleiki og tilfinningar urðu lögunum yfirsterkari eins og gjarna gerist í skáldskapnum og lífinu eins og lögfræðingar vita manna best.

Það fer því ekki á milli mála að lagamál er mikilvægur hluti hvernar menningar og þótt við reynum oftast nær að hegða okkur vel og vera góð hvert við annað lenda furðu margir í því á lífsleiðinni að þurfa á aðstoð lögfræðings að halda.

Lagamálið sem málsnið

Titill þessa spjalls míns er hugleiðingar um lagamál og ég vil taka það fram að þetta eru hugleiðingar, ekki byggðar á sérstakri rannsókn á lagamálinu íslenska enda hefur engin slík rannsókn verið gerð svo ég viti. Það gæti t.a.m. orðið fróðlegt frá málsögulegu og menningarsögulegu sjónarmiði að athuga sögu lagamálsins. Gera má

ráð fyrir að saga þess eigi sínar björtu hliðar og skuggahliðar eins og saga málsins að öðru leyti, frá fornöld til nútímans. Meðal þess sem athyglisvert væri að kanna væri þróun lagamáls nútímans sem væntanlega hefur orðið til á 19. öld við þá endurreisn sem þá átti sér stað hér á landi á grunni fornra hefða þar sem menn reyndu að útrýma dönskum áhrifum og efla íslenskuna á grunni klassískrar forníslensku.

En þó að fróðlegt væri að rekja söguna ætla ég ekki að ræða þá hlið málsins, heldur snúa mér að nútímalagamáli eins og það kemur mér fyrir sjónir nú á grundvelli örlítilla sýnishorna sem ég hef stuttlega kynnt mér við undirbúning þessa erindis.

Lagamálið er sérhæft mál, notað af ákveðnu fólki við ákveðnar aðstæður. Til eru undirgreinar málfræðinnar sem fjalla um slíkan breytileika málsins eða notkun málsins í mismunandi umhverfi eða við mismunandi aðstæður. Mállyskufraedin er raunar ein slík grein og þar liggja fyrir viðamiklar rannsóknir og félagsmálfræðilegar athuganir eru til. Þessu skyld er stílfræðin sem fjallar um mismunandi stíltegundir. Að svo miklu leyti sem stílfræðin fjallar um fegurðargildi texta má segja að hún heyri til bókmenntanna. En að svo miklu leyti sem hún fjallar um formlegan mun mismunandi texta er hún hluti af málfræðinni og athuganir á lagamáli sérstaklega og samanburði á því og öðru máli má vel segja að falli undir stílfræði.

Til er hugtakið *málsnið* sem er þýðing á erlenda hugtakinu *register*. Það sem hér er átt við er að mál geti haft mismunandi blæ eða form eftir því hvar því er beitt eða til hvers. Öll vitum við að við notum ólík orð og ólíkan stíl eftir aðstæðum, t.a.m. notum við ólíkt orðalag við matborðið heima hjá okkur og í ræðustól, við kennslu eða við málflutning. Mismunandi aðstæður kalla á mismunandi stíl eða málsnið. Við matborðið þurfum við kannski ekki að vera svo nákvæm í orðavali en þegar við skrifum texta um tæknileg atriði eða lagaspurningar er nauðsynlegt að merking orðanna sé skýr og óumdeilanleg. Það liggur því í hlutarins eðli, eins og Sigurður Líndal bendir á í grein sem hann nefnir Málfar og stjórnarfar og birtist í 3. hefti *Málfregna* (1988), að lagamál er ekki daglegt mál eða það sama og við notum þegar við röbbum um daginn og veginn yfir kaffibolla. Það er þess vegna eðlilegt að lagamálið beri sérstakan svip. Hins vegar er engin ástæða til þess að færa það fjær daglega málinu en ástæða er til eða uppskrúfa það um of. Ég er algerlega sammála því sem Sigurður segir um málfar í opinberri þjónustu almennt og ætti tvímælalaust að gilda um lagamálið að því eðlilegra sem það er, án þess að verða óskýrt eða illskiljanlegt, því betra.

Nafnorðastíllinn

Þegar rætt er um sérhæft og uppskrúfað málfar verður mörgum tíðrætt um stofnanamálið svokallaða og nafnorðastíllinn sem helst er talinn einkenna það. Það er nafnorðastíll þegar sagt er að menn *stundi skurðgröft* þegar þeir eru *að grafa skurð* og séu *við fiskát* þegar þeir eru *að éta fisk*. Þetta stofnanamál tröllríður reyndar fleiri tungumálum en íslensku. Oft er sagt að nafnorðastíllinn sé kominn úr ensku en svo er ekki. Ég hygg að hann sé enskri tungu alveg jafnframandi og íslenskunni. Ég er viss um að allir sannir vinir enskunnar myndu telja það illa meðferð á tungu sinni þegar utanríkisráðherra Bandaríkjanna talaði eitt sinn um að það yrði það sem hann kallaði *an increase in our presence in the Gulf* sem útleggst *aukning á nærveru okkar á Flóanum* (þ.e.a.s. Persaflóanum) þegar rétt einu sinni hafði skapast hættuástand þar og átti hann þá væntanlega við að Bandaríkjamenn ætluðu að auka herstyrk sinn á svæðinu vegna hins svokallaða hættuástands.

En hvaðan kemur þá nafnorðastíllinn? Ég hygg að að hluta til megi rekja hann til eins konar misskilinnar trúar á skýrleik hans eða tilfinningar um að nafnorðastíllinn sé á einhvern hátt hlutlægari eða vísindalegri. Ég hef stundum reynt að stríða

kunningjum mínum úr tæknigreinum og raunvísindum með því að segja að þetta sé frá þeim komið því í nafnorðastílum séu menn, eins og í tæknilegum útreikningum, alltaf að setja hlutina upp í breytur og föll. Hagfræðingar segja að *aukning eða minnkun á kaupgetu fólks hafi áhrif til hækkunar eða lækkunar á íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu* í stað þess að segja að *verð á húsnæði fylgi kaupgetunni*. Þarna er búið til það sem stærðfræðingar kalla fall eða fúnksjón milli kaupgetunnar og íbúðarverðsins og þeir sem tala um samband milli hækkunar og lækkunar á íbúðaverði og hækkunar og lækkunar á kaupgetu ímynda sér kannski að þetta sé eitthvað vísindalegra ef það er sett svona upp. Ég held að það sé misskilningur og það virðist vera alveg jafnskýrt að segja einfaldlega að *íbúðarverð fylgi kaupgetunni*.

Við sjáum sem sé að nafnorðastíll er sér fyrirbrigði og engin ástæða til þess að þeir sem semja lagatexta temji sér hann frekar en aðrir.

Hverjum eru textarnir ætlaðir?

Þegar ég hef lent í því að segja nemendum til í því að skrifa ritgerðir eða tjá sig í riti hef ég gjarna bent þeim á að hafa það í huga hverjum textinn sé ætlaður og hvaða tilgangi hann eigi að þjóna. Mér finnst það hafa gefist sjálfum mér vel að hafa viðtakandann sífellt í huga þegar ég er að skrifa. Hvað er líklegt að hann viti og hvernig er best að koma til hans því sem ég er að reyna að koma á framfæri? Það gefur augaleið að forsendur þeirra sem lesa texta geta verið misjafnar. Textinn þarf að hafa að geyma þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru en ekki of mikið. Ef of mikið er sagt og verið er að tryggja það sem lesandinn veit verður textinn leiðinlegur. Textinn má heldur ekki vera of knappur því þá vantar upplýsingar og í honum verða skallar sem Þórbergur Þórðarson nefndi svo.

Spurningin um það hverjum lagatextar séu ætlaðir er kannski ekki einföld því spyrja má hver sé dæmigerður lesandi dóms t.a.m. eða laga. Eru það lögfræðingarnir sjálfir, málsaðilarnir eða almenningur?

Þótt svör við þessum spurningum séu e.t.v. ekki ýkja skýr og textarnir þjóni e.t.v. dálítið ólíkum tilgangi er eigi að síður mikilvægt að hugsa stöðugt um hugsanlegan viðtakanda textans.

Í þessu sambandi má rifja upp þarfa athugasemd sem Flosi Ólafsson gerði ekki alls fyrir löngu í einum af pistlum sínum. Hann fjallaði um umræðu sem átti sér stað á þessu ári í tengslum við ár læsis, um það hversu vel læsir Íslendingar séu, og vitnaði til þess að einhverjir hefðu látið í ljósi efa um að allir landar vorir væru jafn-vel læsir og oft er látið í veðri vaka. Hafi því jafnvel verið haldið fram að margir gætu ekki lesið algenga texta, svo sem opinber plögg, jafnvel ekki hita- og símareikninga. Það sem Flosi gerði, og var alveg hárrétt hjá honum, var að benda á að það færi ekki síður eftir textanum sem mönnum væri ætlað að lesa hvort lestrarferlið gengi upp (svo notað sé stofnanamál), þ.e. hvort hægt væri að lesa hann eða ekki. Það er nefnilega talsverður misbrestur á því að allur texti, sem ætlaður er almenningi, sé nógu góður eða skýr og skilmerkilegur. Ég játa það að mér gengur oft býsna illa að komast fram úr ýmsum opinberum plöggum og skilja jafndaglega hluti og launaseðilinn minn eða hitareikninginn.

Flosi sneri sem sé spurningunni við og spurði hvort þeir sem skrifa textann væru skrifandi. Sigurður Línadal tekur í svipaðan streng í fyrrnefndri grein sinni um málfar og stjórnarfar. Hann bendir á að gott, skýrt og þjálmt málfar sé ein af frumforsendum þess að opinberir textar þjóni vel tilgangi sínum.

Gerðir lögfræðilegra texta

Ég minntist á það að ekki eru allir textar, sem lögfræðingar hafa með að gera, sama eðlis.

Fyrsta ber að telja sjálfa lagatextana, lög og reglugerðir og kannski sjálfa stjórnarskrána. Þetta eru textar sem lögfræðingar nota en hafa ekki endilega samið sjálfir þótt þeir eigi vafalaust oft þátt í því. Lagatextar þurfa að sjálfsögðu að vera ótvíræðir og í samræmi við það sem Sigurður Líndal og Flosi Ólafsson sögðu hlýtur það að teljast æskilegt að þeir séu skýrir og skiljanlegir sem flestum. Því það er hætt við að fólk fjarlægist lög sem það skilur ekki, eða hvað?

Önnur gerð texta eru greinargerðir lögmannna sem liðir í málflutningi fyrir rétti og ég geri ráð fyrir að lögmennt þurfi að vinna mörg slík verk, skrifa kröfur og ýmiss konar varnar- eða sóknarbréf. Þessir textar eru annars eðlis og frekar ætlaðir málsaðilum og dómurum en almenningi. Þó hlýtur að vera eðlileg krafa að þessir textar séu sem læsilegastir og skiljanlegastir.

Í þriðja lagi eru sjálfar dómsúrlausnirnar, dómarnir og úrskurðirnir sem kveðnir eru upp og birtir málsaðilum og öllum sem sjá vilja. Það hlýtur að teljast frumskilyrði að aðilar málsins eigi eins auðvelt með að skilja dómanna og frekast er unnt og þar að auki eru dómur opinber gögn og beinlínis gert ráð fyrir að almenningur geti kynnt sér efni þeirra.

Enda þótt það sé eitthvað mismunandi hverjum textarnir, sem ég hef nú nefnt, eru beinlínis ætlaðir held ég að einfaldast sé að hver, sem þá semur, hafi það að meginleiðarljósi að gera textann eins einfaldan og skiljanlegan og frekast er kostur.

Rétt mál – vandaður frágangur

Það virðist augljóst að allir þessir textar eiga að vera á því sem oft er nefnt lýtalaust íslenskt mál. Þetta felur í sér að þeir fylgi þeim almennu reglum sem gilda um frágang texta, séu lausir við villur í málfari og stafsetningu, að greinarmerkjasetning sé skýr og frágangur allur til fyrirmyndar.

Þetta ætti ekki að vera miklum vandkvæðum bundið, almennt séð. Reglurnar eru yfirleitt ótvíræðar og skýrar og það er þá einungis spurning um að fylgja þeim og vera vandvirkur. Þó skal það viðurkennt að sumar þær reglur, sem gilda um frágang, eru gallaðar eða ekki nógu skýrar. T.a.m. eru reglur um stóran og lítinn staf býsna óljósar og reglur um greinarmerkjasetningu eru ekki nógu góðar að mínu mati. Þessi óskýrleiki er þó ekki svo mikill að það valdi stórum vandræðum.

Þegar talað er um villuleysi hvað varðar málfar er átt við að beygingar séu réttar samkvæmt íslenskri málvenju og að setningaskipun sé eðlileg. Þessi krafa er tiltölulega ljós því íslensk tunga er, eins og ég gat um áðan, ein sú samstæðasta sem um getur í heiminum og lausust við mállýskur. Þetta þýðir það að ekki þarf að velja milli ólíkra mállýskna og þar með ættu laga- og dómáttar að vera öllum landsmönnum jafnskiljanlegir. Málið er líka það háþróað að ekki eiga að vera nein vandræði með að koma orðum að hlutunum hvort sem það stenst sem skáldið kvað forðum að orð sé „á íslensku til um allt sem var hugsað á jörðu“.

En þótt málið sem miðill sé traust sýnir reynslan þó að oft er vandratað um vegi tungunnar jafnvel þótt menn leggi sig fram. Villur í textum geta verið ýmiss konar og hér gefst ekki tólm til að ræða það til hlítar.

Ég veit ekki hvort þið hafið fylgst með umræðum sem hafa átt sér stað á allmörgum undanförunum árum um rétt mál og rangt. Sumar málvillur hafa félagslegt gildi þannig að menn eru eins og brennimerktir ef þeir nota viss afbrigði málsins. Þágufallssýkin svokallaða er eitt slíkt dæmi. En villur geta verið annars eðlis og stafað af óvandvirkni eða flýti og þetta er kannski algengara en margan grunar. Það getur

nefnilega gerst, sérstaklega þegar texti er flókinn og setningar langar, að menn detti úr gír og hálfpartinn tapi samhenginu. Þannig verða setningarnar vanskapaðar.

Eitt fyrirbrigði, sem ég gæti nefnt í þessu sambandi, er það sem Helgi Skúli Kjartansson nefnir eignarfallsflóttu í samnefndri grein sem hann skrifaði fyrir um það bil tíu árum. Ég hef svolítið gert að því að fylgjast með þessu fyrirbrigði og læt hér fylgja nokkur dæmi:

Forsætisráðherra á fárra kosta vöð, annarra en *þá* (ætti að vera *þeirra* eða *þess*) að ganga til samstarfs. (Fréttir í Ríkisútvarpinu 28. janúar 1990)

Bókin Óljóð hefur alltaf staðið hálfpartinn í skugga Sjödægru, *meistaraverki* (ætti að vera *meistaraverks*) Jóhannesar [úr Kötllum] frá 1955. (Skólaritgerð í Menntaskólanum við Hamrahlíð, desember 1989)

X er kominn í stjórn Guinness Peace Aviation, *einni stærstu* (ætti að vera *einnar stærstu*) flugvélaleigu heims. (Ríkisútvarpið, 6. febrúar 1990)

Við minnumst góðs drengs, *fullan* (ætti að vera *fulls*) af starfsgleði. (Morgunblaðið, minningargrein 27. ágúst 1989, C 25)

Þessi dæmi sýna það að jafnvel í virtustu fjölmiðlum landsins getur mönnum orðið hált á þessu. Sumir myndu kannski vilja segja að þarna sé á ferð einhver kerfisbreyting, breyting á fallakerfi íslenskunnar, þannig t.a.m. að eignarfallið sé að verða veikara fyrir. Ég tel að fram þurfi að fara á þessu frekari rannsókn áður en slíkt er fullyrt en vel má vera að þetta sé vísir að einhverri breytingu á málkerfinu sem málverndar- og málræktarmenn hafa ástæðu til að óttast og varla er það tilviljun að oftast er notað þágufall í stað eignarfallsins. En þótt þarna sé e.t.v. einhver breyting á ferðinni er það þó alveg ljóst að langt er í að fallakerfi íslenskunnar sé að hrynja, t.a.m. þannig að eignarfallið hverfi, því enn lifir það góðu lífi í eignarliðum og mun vafalaust verða lífseigt í því hlutverki. Og reynslan sýnir að í öðrum tungumálum, sem hafa einfaldað fallakerfi sitt, er það gjarna eignarfallið sem lifir lengst.

Fegurð texta

Til viðbótar kröfunni um skýrleika og að textar séu á réttu máli er þess oft krafist að textar séu fagrir þannig að ánægja sé að því að lesa þá. Fagurfræðilegt mat er að sjálfsögðu afstætt og það er einkum í bókmenntunum sem slíkt á við. Þó er oft lagt mat á fegurð annarra texta en hreinna bókmenntatexta og nytjatextar geta verið það vel skrifaðir að þeir séu þægilegir og jafnvel að unun sé að lesa þá. Og það er engin ástæða til þess að undanþiggja lagatexta þeirri kvöð að vera fagrir og læsilegir eftir því sem hægt er, svo fremi það rýri ekki gildi þeirra að öðru leyti.

Sem dæmi um lagatexta sem mér finnst vera læsilegur og skýr, jafnvel fallegur (raunar nokkuð fornlegur), vil ég sýna ykkur texta sem ég rakst á af handahófi í lögum nr. 27 frá 1951 um meðferð opinberra mála:

27. gr.

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál skuli höfðað, en bera má hann það mál undir dómsmálaráðherra, enda þoli málið þá bið, er þar af verður.

Ef brot er framið á íslensku skipi eða flugfari utan íslenskrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema dómsmálaráðherra þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum l. málsgreinar.

Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema dómsmálaráðherra þyki hentara að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir l. mgr.

Þessi sérstæða notkun samtengingarinnar *nú ... og* á sér langa hefð í íslensku lagamáli og kann kannski sumum að þykja fornescjuleg en ég sé ekkert athugavert við hana. Þvert á móti sýnist mér hún setja skemmtilegan svip á textann.

Stundum er talað um að stíll sé flatur og orð hafa misjafnt sílgildi, eru mishátíðleg eða misviðeigandi. Meðal þess sem talið er lýta texta er staglandi, þegar sama orðið kemur aftur og aftur þannig að textinn verður endurtekningasamur.

Ég hygg að hægt sé að væna höfund eftirfarandi texta um staglanda af þessu tagi:

Við yfirheyrslu á gamlársdag viðurkenndi *kærði* fjóra innbrotsþjófnaði sem hann framdi ásamt tveimur piltum. Meðan *kærði* sætti gæsluvarðhaldinu viðurkenndi *kærði* að hann ætti aðild að fleiri innbrotsþjófnum sem átt hefðu sér stað í nóvember og desember sl. (Úr gæsluvarðhaldsúrskurði Borgardóms Reykjavíkur 7. janúar 1988)

Hér eru greinilega of mörg dæmi um *kærði* og hefði mátt breyta því síðasta í *hann*. Einnig má spyrja hvort eðlilegt sé að tala um að innbrotsþjófnaður *eigi sér stað*; venjulegra er að segja að hann sé *framinn*.

Dæmi um texta

Ég mun í því sem eftir er af þessu spjalli mínu taka til athugunar nokkur sýnishorn af textum sem ég hef litið á, nánast af handahófi, og lítum fyrst á lagatexta.

Í lögum um aðför segir m.a. í 4. gr.:

Með aðfarargerðir fara sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með aðfarargerð fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari með innheimtu kröfu, sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Hér er nafnorðastíll áberandi. Orðið *aðför* er sjálft nafnorð, leitt af sögninni *fara að*. Í hefðbundnu máli er talað um að *veita mönnum aðför* eða *fara að þeim* og þá sjaldnast í vinsamlegum tilgangi. Sagt er í Njálu að „þeir undir Þríhyrningi ætluðu að fara at Gunnari“. Nafnorðið *atför* kemur líka fyrir í fornum textum og talað er um að *gera atför at einhverjum* eða *veita einhverjum atför* og merkti það beinlínis að ráðast á hann. Af þessu sjáum við strax að ekki var nafnorðastíllinn óþekktur í forn málinu. Hins vegar hefur nútíminn betrumbætt þetta og talar um að sýslumenn *fari með aðfararaðgerðir*. Þetta minnir mig á örnefnið *Vaðsvaðsvað* sem til var í minni sveit...

Nú er spurningin hvort hægt er að einfalda textann eitthvað t.a.m. með því að segja:

Aðför annast sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Reglur laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði ráða, eftir því sem við á, um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að annast aðför. Sýslumaður telst ekki óhæfur til að annast aðförina þó að hann annist sjálfur innheimtu á kröfu sem er aðfararhæf skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Eða:

Nú annast sýslumaður sjálfur innheimtu kröfu sem er aðfararhæf skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. og telst hann þó ekki óhæfur til að annast aðförina.

Ekki veit ég hvort þessar breytingar á textanum myndu gera hann óhæfan sem lagatexta en einhvern veginn finnst mér hann læsilegri. Það er matsatriði hvort tengingin *nú ... og telst of hátíðleg eða tilgerðarleg* en hún þjónar þarna vel tilgangi sínum að því er mér sýnist. Það sem fylgir fyrri parti hennar skilgreinir aðstæðurnar og það sem fylgir seinni partinum skilgreinir það sem á við um þessar aðstæður.

Lítum á annan stuttan bút, nú úr greinargerð lögmans vegna fógetaréttarmáls. Þar segir meðal annars:

Óumdeilt er að með dómi Hæstaréttar í málinu nr. ... var lögbann lagt við nákvæmlega þeirri athöfn sem gerðarbeiðandi krefst nú að verði framkvæmd. Er sú aðstaða málsástæða til stuðnings því sem þegar er sagt um að réttur gerðarbeiðanda sé hvergi nærri nógu glöggur til að beiðni nái fram að ganga ... Loks er það málsástæða gerðarþola að engin þörf sé á svo skjótri úrlausn sem útburður gerir ráð fyrir ... Áskilnaður er gerður til framlagningar frekari gagna og til að bera fram nýjar málsástæður og mótmæla ef tilefni gefst til.

Ekki veit ég hvort þessi texti er dæmigerður fyrir greinargerðir af þessu tagi en mér finnst ýmislegt við hann að athuga. Ég tek það þó fram að vera má að sumt, sem ég vildi gera athugasemdir við, gæti verið tæknilegt mál sem ekki má hrófla við vegna merkingarinnar eða nákvæmni.

En einhvern veginn svona gæti textinn litið út eftir tilraun mína til endurbóta:

Ekki verður um það deilt að dómur Hæstaréttar í málinu nr. ... lagði beinlínis lögbann við þeirri athöfn sem gerðarbeiðandi krefst nú að verði framkvæmd. Það styður þá kröfu gerðarþola að réttur gerðarbeiðanda sé hvergi nærri nógu glöggur til að beiðni nái fram að ganga ... Loks er þess að geta sem röksemdar gerðarþola í hag að engin þörf er á svo skjótri lausn málsins að útburður sé nauðsynlegur ... Gerðarþoli áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og til að bera fram nýjar málsástæður (leggja fram ný rök?) og mótmæli ef tilefni gefst til.

Ég vil leyfa ykkur að velta þessu dæmi fyrir ykkur og vega það og meta hvort textinn hefur batnað við þetta og vera má að það orki tvímælis stundum, sérstaklega ef ég hef gerst sekur um að rangtúlka einhver tækniorð. En ég vil gera sérstaka athugasemd við síðustu klausuna því þar keyrir nafnorðastúllinn um þverbak: „Áskilnaður er gerður til framlagningar frekari gagna og til að bera fram nýjar málsástæður og mótmæla ef tilefni gefst til.“ Sagt er *áskilnaður er gerður* í stað þess að tala um að *áskilja sér einhvern hlut* og í stað þess að tala um að rétturinn sé *til þess að leggja eitthvað fram* er talað um að hann sé *til framlagningar*. Er þetta ekki óþarflega mikið af því góða?

Að síðustu vil ég taka dæmi af hæstaréttardómi:

Miðað við þau samskipti aðila, sem ofangreindur forgangsréttur gagnáfrýjanda hefur óhjákvæmilega í för með sér, verði hans neytt, verður hins vegar ekki talið, að lagaskilyrði séu til þess, að gagnáfrýjandi geti knúið fram efndir á umræddu samningsákvæði beinlínis eftir aðalefni þess gegn mótmælum aðaláfrýjanda. Af þeim sökum verður aðeins veitt dómsviðurkenning fyrir forgangsréttinum út af fyrir sig, enda verður ekki fullyrt fyrirfram, að gagnáfrýjandi geti veitt aðaláfrýjanda sömu kjör og samið hefur verið um í samningi þeim, sem aðaláfrýjandi hefur samkvæmt gögnum málsins gert við Olúfélagið hf. Aðaláfrýjanda er því skylt að kynna gagnáfrýjanda síðastgreindan samning, þar sem undir því er komið hvort gagnáfrýjandi neytir umrædds forgangsréttar. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um skyldu aðaláfrýjanda til að leggja nefndan samning fyrir gagnáfrýjanda og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá birtingu dóms þessa.

Tilraun til endurbóta:

Miðað við þau samskipti aðila málsins, sem myndu óhjákvæmilega fylgja ef ofangreindum forgangsrétti gagnáfrýjanda yrði beitt, teljast ekki vera lagaforsendur fyrir því að gagnáfrýjandi knýi fram efndir á umræddu samningsákvæði einungis eftir hljóðan þess og gegn mótmælum aðaláfrýjanda. Þess vegna viðurkennir dómurinn einungis forgangsréttinn sjálfan enda verður ekki fullyrt fyrir fram að gagnáfrýjandi geti veitt aðaláfrýjanda sömu kjör og samið hefur verið um í samningi þeim sem aðaláfrýjandi hefur samkvæmt gögnum málsins gert við Olúfélagið hf. Aðaláfrýjanda er því skylt að kynna gagnáfrýjanda þennan samning þar sem efni hans ræður því hvort gagnáfrýjandi myndi neyta umrædds forgangsréttar. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms sem skyldar aðaláfrýjanda til að leggja nefndan samning fyrir gagnáfrýjanda og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá birtingu dóms þessa.

Ég viðurkenni að minn texti er ekki fagur en er hann eitthvað skiljanlegri en upphaflegi textinn? Er endursögn mín e.t.v. byggð á einhverjum misskilningi? Finnst ykkur kannski upphaflegi textinn betri? Þetta er raunar tekið úr samhengi og verður erfiðara að skilja þess vegna.

Lokaorð

Ef ég ætti að segja eitthvað í lokin þá sýnist mér, af þessum stuttu kynnum mínum af máli lögfræðinga, að þar sé margt til fyrirmyndar en líka margt sem mætti betur fara. En ég tek það fram enn og aftur að kynni mín af efninu eru afar stuttaraleg. Ef ég ætti að reyna að koma með einhverjar ábendingar þá er það helst að reyna að forðast óþarflega formlegt orðalag og reyna, eftir því sem hægt er, að gera textann skiljanlegan sem flestum. Það er að mínu mati alveg jafnskýrt og gott að segja *þess vegna* eins og *af þeim sökum*. Oft má komast af með fornöfn í stað *síðastgreindur*, *fyrirgreindur* og *ofangreindur* o.s.frv. Annars er þetta að sjálfsögðu meira mál en hægt sé að gera grein fyrir í svo stuttu spjalli sem þessu. Hins vegar er rétt að benda á að til er stofnun sem heitir Íslensk málstöð og þar eru starfsmenn sem ætlað er að veita málfarslegar leiðbeiningar. Því miður er stofnunin allt of fáliðuð en hugsanlegt er að koma mætti á einhvers konar samstarfi milli lögfræðinga og málstöðvarinnar og að mínu mati kæmi vel til greina að efna til námskeiðs fyrir lögfræðinga. Einnig má vel hugsa sér að hyggja að þessum málum í menntun lögfræðinga í Háskólanum.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.